


## Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Útskála 2-10, Rangárþingi ytra.

**Inngangur:** Fram hafa komið óskir um að í stað sex 9,5 metra hárra ljósmastra sem sett verði upp við íþróttavöll á lóð Útskála 10 Helluvöll, verði sett upp fjögur 21 metra há ljósmöstur. Rök fyrir breytingunni eru að með hærri ljósmöstrum sé hægt að beina ljósum með meiri nákvæmni á leikvöllinn og minnka þannig það ljósmagn sem beinist að nálægum svæðum í óþökk nágretta. Sjá skýringarmynd



Mynd: Hæð ljósmastra og stærð þess svæðis sem verða fyrir áhrifum lýsingar miðað við annarsvegar 12 metra há og hinsvegar 21 metra há ljósmöstur.

Í ljósi ofangreinds er hér sett fram tillaga að breytingu á kafla 2.1 Lóðir:

### Breytingartillagan

#### Gildandi skilmálar í Kafla 2.1. Lóðir fyrir breytingu:

Í meðfylgjandi töflu sést hvernig lóðastærðir breytast innan reitsins.

Ný lóð er skilgreind fyrir Útskála 10, Helluvöll.

Þar verður íþróttavöllur sem hægt verður að nýta fyrir skipulaga íþróttastarfsemi fyrir almenning.

Gert er ráð fyrir að völlumurinn verði upplýstur með **allt að 9,5 m** háum staurum. Lýsingin skal vera glígjulaus og lýsa eingöngu niður á vallarflötinn. Heimilt er að girða völlum af með allt að 2 m hárra girðingu. Lóðamörk fyrir lóð grunnskóla, Útskála 6-8 breytast vegna fyrirhugaðrar stækkunar grunnskóla.

#### Kafla 2.1. Lóðir eftir breytingu:

Í meðfylgjandi töflu sést hvernig lóðastærðir breytast innan reitsins.

Ný lóð er skilgreind fyrir Útskála 10, Helluvöll.


Þar verður íþróttavöllur sem hægt verður að nýta fyrir skipulaga íþróttastarfsemi fyrir almenning.

Gert er ráð fyrir að völlumurinn verði upplýstur með **fjórum allt að 21 m** háum staurum. Lýsingin skal vera glígjulaus og lýsa eingöngu niður á vallarflötinn. Heimilt er að girða völlum af með allt að 2 m hárra girðingu. Lóðamörk fyrir lóð grunnskóla, Útskála 6-8 breytast vegna fyrirhugaðrar stækkunar grunnskóla.



Gildandi deiliskipulag samþykkt 08.12.2022, auglýst í B-deild 31.01.2023

Ekki eru gerðar breytingar á uppdrætti.



Snið A-A

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í \_\_\_\_\_ þann

\_\_\_\_\_ 20\_\_ og í \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 20\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann

\_\_\_\_\_ 20\_\_.

**ARKÍS**  
arkitektar



**Rangárbing ytra**  
Fyrir okkur öll!